

Samvera fjölskyldunnar - besta forvörnin

„Setjast niður með fjölskyldunni og spjalla. Spila, fara í ferðir, baka eða bara slaka á,“ er dæmigert svar ungmennis við spurningunni „Hvað mynduð þið vilja gera oftar með fjölskyldunni?“ í viðhorfskönnun meðal ungmenna í borginni. Viðhorfskönnunin sýnir að það eru ekki bara við foreldrarnir sem viljum eyða meiri tíma með börnunum okkar heldur vilja unglíngarnir í borginni líka verja meiri tíma með foreldrum sínum.

Unga fólkíð gerir heldur ekki kröfu um dýra afþreyingu eins og tilvitnunin að ofan ber vott um. Flestir nefna hversdagslegar athafnir eins og að borða saman, elda eða ræða málin. Slíkt krefst hins vegar tíma og þann tíma þurfum við foreldrar að gefa börnum okkar.

Jákvæð þróun

Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á tengsl uppbyggilegrar samveru við forvarnir í uppvexti barna og unglínga. Samverustundir fjölskyldna skila sér ekki aðeins í innihaldsríkara fjölskyldulífi og betri líðan barna heima og að heiman. Börn úr samheldnum fjölskyldum eru mun ólíklegri til að ánetjast hvers kyns fíkniefni eða lenda í slæmum félagsskap heldur en önnur börn.

Vísbendingar um jákvæða þróun koma fram í niðurstöðum viðhorfskönnunar meðal reykvískra unglínga frá því í vor. Hlutfall unglínga í 9. og 10. bekk grunnskólans, sem segjast vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar, hækkar úr 32% árið 1997 í 46% á þessu ári. Hlutfall unglínga sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við þá að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þeir eru á kvöldin hækkar úr 57% árið 2000 í 74% á þessu ári. Nú svara 82% unglínganna því til að foreldrar þeirra viti hvar þeir séu á kvöldin miðað við 69% árið 2000.

Um leið og ég vek athygli á þessum jákvæðu vísbendingum hvet ég bæði foreldra og börn til að vera enn duglegri að skapa fjölskyldunni notalegar stundir saman. Við ættum öll að leggja okkur fram um að eyða meiri tíma með okkar nánustu og velta því fyrir okkur hvað við getum gert til að auka samvistir innan okkar eigin fjölskyldu og annarra.

Gerum okkur dagamun

Reykjavíkurborg vill leggja sitt af mörkum. Eitt af því er án efa að nota oftast tækifærið til að hvetja fjölskyldur í borginni til að njóta samveru með sama hætti og gert var undir yfirskriftinni „Gerum okkur dagamun“ fyrsta vetrardag sl. Þá tóku fjölmargar þjónustustofnanir Reykjavíkurborgar sig saman og bjuggu til fjölskyldudagskrá, aðgangur var ókeypis á menningarstofnanir, í sund, í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og víðar. Markmiðið var að hvetja fólk til að njóta tímans saman í Reykjavík. Fleiri þúsund borgarbúar nýttu sér þessa dagskrá og nutu þess að gera sér dagamun með sínum nánustu í uppbyggilegu umhverfi innan borgarmarkanna.

Tækifæri Reykjavíkurborgar leynast víðar. Hægt er að nýta betur útivistarsvæði borgarinnar til samverustunda fjölskyldunnar, skólarnir geta hýst fjölbreytt áhugamál allrar fjölskyldunnar og áfram mætti telja. Ekki má heldur gleyma því að Reykjavíkurborg er vinnustaður mörg þúsund foreldra og einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu og í næstu byggðarlögum. Með því að gera vinnustaðinn enn fjölskylduvænni er þannig stuðlað að auknum lífsgæðum mörg þúsund fjölskyldna víðs vegar í samfélaginu.

Engum dylst að Íslendingar standa nú frammi fyrir stóru og vandasömu verkefni. Aldrei skiptir meira máli en við slíkar aðstæður að fólk standi saman jafnt inni á heimilunum og úti í samfélaginu. Sameiginlegt átak skilar sér ekki aðeins í auknum árangri heldur einnig aukinni ánægju og stolti yfir sameiginlegum árangri.

Látum forvarnardaginn 6. nóvember gefa okkur tilefni til að treysta böndin, hlúa að okkar nánustu og nýta öll hugsanleg tækifæri til enn fleiri uppbyggilegra samverustunda, sérstaklega með börnunum okkar.

Hanna Birna Kristjánsdóttir
Borgarstjóri Reykjavíkur